



Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins

Fundargerð

51. fundur svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins var haldinn föstudaginn 3. október 2014 kl. 15:00 í fundarsal SSH, Hamraborg 9, Kópavogi.

Mættir:

Reykjavík:

Hjálmar Sveinsson og Júlíus Vífill Ingvarsson

Kópavogsbær:

Sverrir Óskarsson og Ása Richardsdóttir

Hafnarfjarðarbær:

Ófeigur Friðriksson og Guðlaug Kristjánsdóttir

Garðabær:

Sigurður Guðmundsson og Steinþór Einarsson

Mosfellsbær:

Ólafur Ingi Óskarsson og Bryndís Haraldsdóttir

Seltjarnarnesbær:

Bjarni Torfi Álfþórsson og Stefán Bergmann

Kjósarhreppur:

Ennfremur sat fundinn Hrafnkell Á. Proppé svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins sem ritaði fundargerð.

Formaður, Hjálmar Sveinsson, setti fund og stýrði.

1. Tillaga að nýju svæðisskipulagi og staða erindis hjá sveitarfélögum

Hrafnkell kynnti stöðu erindisins um að auglýsa tillöguna. Von er á niðurstaða verði komin frá öllum um miðjan október.

Hrafnkell greindi einnig frá þeim lagfæringum sem gerðar hafa verið á tillögunni. Vaxtamörk hafa verið rýnd hjá öllum sveitarfélögum. Sýna þarf vaxtamörk í samhengi við skipulag sveitarfélaga, vatnsverndarsvæði, friðlýst svæði og græna trefilinn á auglýsingatíma.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd leggur áherslu á að hugað verði sérstaklega að kynningarmálum á auglýsingartímanum og áhersla verði lögð að setja efnið fram með skýrum og einföldum hætti svo almenningur eigi auðvelt að kynna sér þá stefnu sem sett er fram.

2. Kynning á skýrslu um byggðarþróun

Hildigunnur Haraldsdóttir arkitekt kynnti drög að greiningu um byggðarþróun á höfuðborgarsvæðinu sem unnin var í samráði við faghóp um byggðarþróun.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd þakkar Hildigunni fyrir hennar framlag. Skýrsla um byggðarþróun verður hluti af fylgiritum svæðisskipulagstillögunar.

3. Kynning skýrslu um næstu skref í þróun samgöngukerfa

Þorsteinn Hermannsson samgönguverkfræðingur kynnti þær breytingar sem gerðar hafa verið á áður kynntri skýrslu Mannvits um næstu skref í þróun samgöngukerfa sem unnin var í samráði við faghóp um samgöngur.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd þakkar Þorsteini fyrir hans framlag. Skýrsla um næstu skref í þróun samgöngukerfa verður hluti af fylgiritum svæðisskipulagstillögunar.

4. Tillaga að endurskoðun vatnsverndar á höfuðborgarsvæðinu

Lagt var fram erindi SSH um endurskoðun vatnsverndar. Hrafnkell greindi frá tillögu um breytingar á vatnsvernd sem öll sveitarfélög og heilbrigðisnefndar hafa samþykkt að auglýsa.

Niðurstaða:

Greinargerð um vatnsvernd verður hluti af fylgiritum svæðisskipulagstillögunar.

5. Önnur mál

Rætt var um starfs- og fjárhagsáætlun svæðisskipulagsnefndar. Hrafnkell mun leggja fram tillögu á næsta fundi.

Næsti fundur verður haldinn föstudaginn 17. október kl. 15:00.

Fundargerð samþykkt, fleira ekki gert. Fundi slitið kl.17:20.